

**37. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar að Aðalstræti 63, Patreksfirði,
fimmtudaginn 2. maí 2013 og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Arnheiður Jónsdóttir (AJ), Birna Benediktsdóttir (BB), Friðbjörg Matthíasdóttir (FM), Ásgeir Sveinsson (ÁSV) og Ásthildur Sturludóttir (ÁS).

Fundargerð ritaði: Friðbjörg Matthíasdóttir, Formaður

Stjórn MEÓ, Magnús Ólafs Hansson, Egill Ólafsson og Björgvin Sigurjónsson og Heiðrún Eva Konráðsdóttir safnvörður MEÓ komu inn á fundinn undir liðum 1 og 2.

Dagskrá:

1. 1305001 - Málafni MEÓ Hnjótur -stjórn og safnstjóri mæta

Heiðrún Eva Konráðsdóttir safnstjóri MEÓ og stjórn MEÓ; Magnús Ólafs Hansson, Egill Ólafsson og Björgvin Sigurjónsson komu inn á fundinn.

Farið var yfir SVÓT greiningu fyrir MEÓ sem safnstjóri kynnti. Samráðsnefnd og stjórn MEÓ fela safnstjóra að vinna áfram mótun tillagna og að endurbótum á stofnskrá safnsins þannig að hún uppfylli ný safnalög.

2. 1305002 - Ársreikningur MEÓ Hnjótur

Ársreikningur Minjasafns Egils Ólafssonar fyrir árið 2012 lagður fram til kynningar.

Samráðsnefnd veitir stjórn MEÓ og forstöðumanni heimild til þess að leita eftir fjármögnun á yfirdrætti á reikningi safnsins.

Framkvæmdastjórum og oddvitum sveitarfélaganna falið að gera tillögu að uppgjöri á uppsafnaðri viðskiptaskuld og að auknu framlagi sveitarfélaganna til reksturs á safninu.

Stjórn og forstöðumaður MEÓ viku af fundi.

3. 1305003 - Ársreikningur Styrktarsjóðs heilbrigðisstofnanna í V-barð

Lagður fram ársreikningur Styrktarsjóðs heilbrigðisstofnanna í Vestur-Barðastrandarsýslu til staðfestingar. Samráðsnefnd staðfestir ársreikninginn.

4. 1305004 - Önnur mál

Önnur sameiginleg mál.

Lagt fram bréf frá Lilju Sigurðardóttur fh. Hérðassambandsins Hrafna-Flóka vegna samstarfs við sveitarfélögin. Samráðsnefnd hefur mikinn áhuga á að íþróttastarf verði samhæft á svæðinu árið um kring og að starfræktur verði "íþrótt- og frístundastrætó" milli byggðarlaga. Bæjarstjóra falið að ræða við forsvarsmenn Hrafna-Flóka í samræmi við umræðu á fundinum.

Rætt um málverk sem eru í eigu samráðsnefndar og geymd eru á HSP. Bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar falið að móttaka málverkin og koma þeim til viðgerðar og í varanlega geymslu. Samráðsnefnd leggur ríka áherslu á að málverkin verði almenningi til sýnis í framtíðinni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____